

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, Laufrimi.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 2. ágúst 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, frá 20. febrúar 1992 með síðari breytingum.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun vesturhluta stofnanalóðar við Laufrima breytist í íbúðarsvæði.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 12. september 1995.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Seláshverfis, Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 2. ágúst 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á deiliskipulagi Seláshverfis frá 21. ágúst 1970 með síðari breytingum.

Breytingin er fólgin í því að fjögurra íbúða raðhús við Melbæ 30-36 eru færð 4 m frá þegar byggðum tveimur raðhúsaíbúðanna og fara 2 m út fyrir byggingarreit.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 12. september 1995.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hellu, Rangárvallahreppi.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Rangárvallahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 5. júlí 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á deiliskipulagi miðbæjar Hellu frá 25. apríl 1994.

Breytingin er fólgin í því að syðri hluti byggingarreits lóðarinnar Dynskáli 10c verði breikkaður þannig að byggingarreitur stækkar um 30 m².